

stjóri annast daglega yfirstjórn skólans og ræður annað starfsfólk hans í samráði við stjórn. Heimilt er að semja við annan aðila um rekstrarþjónustu við skólann svo sem um fjárhald og bókhald, rekstur húsnæðis, skrifstofu og upplýsingakerfis, annan almennan skrifstofu-
rekstur og aðra sambærilega þætti.

9. gr.

Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum stjórnar og ákvarðanir hennar. Fundargerðir skulu sendar kirkjuráði reglulega.

10. gr.

Tónskólanum er heimilt að afla sértekna samkvæmt gjaldskrá er staðfest skal af kirkjuráði.

11. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2003. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um söngmál og tónlistarfræðslu á vegum þjóðkirkjunnar nr. 825/2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð núverandi stjórnar Tónskólans gildir til loka júnímánaðar 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um meðferð kynferðisbrota nr. 739/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um meðferð kynferðisbrota nr. 739/1998.

1. gr.

Ákvæði 2. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Kirkjuráð útnefnið fagråd um meðferð kynferðisbrotamála. Fagråd er skipað þremur einstaklingum og þremur til vara, er hafa sérþekkingu á kynferðisbrotum. Einn ráðsmanna skal vera lögfræðingur, annar skal vera guðfræðingur og sá þriðji skal vera læknir, sálfræðingur eða hjúkrunarfræðingur, eða hafa sambærilega menntun. Varamenn hvers ráðsmanns skulu uppfylla sömu skilyrði. Ráðsmenn skipa einn úr sínum hópi til þess að vera formaður fagráðsins.

2. gr.

Við 1. lið 3. gr. bætast orðin: og ráðgjöf.

3. gr.

Í stað „Kirkjuráð“ í 1. mgr. 4. gr. komi: Biskup.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Æskilegt er, að talsmaður gegni ekki öðrum störfum innan kirkjunnar.

5. gr.

Í stað orðanna „sbr. 12. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992“ í lokaml. 1. mgr. 6. gr. komi: sbr. 16. og 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

6. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Mæli lög ekki á annan veg er talsmanni, fagráðsmönnum og öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar skylt að gæta þagmælsku um einstök mál sem kunna að verða rekin á grundvelli starfsreglna þessara.

7. gr.

8. gr. orðist svo: Kirkjuleg yfirvöld skulu sjá til þess að sálgæsla verði veitt meintum geranda, fjölskyldu hans og þeim, sem í kirkjulegu starfi hafa verið í mikilvægu samstarfi við hann. Æskilegt er að sálgæsla þessi sé veitt af prestri í heimahéraði, innan sóknar eða prófastsdæmis.

8. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002. 2. ml. 10. gr. reglnanna fellur brott frá sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

**um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum
um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000.**

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000.